

HVERFEY

Á sýningunni *Séstey / Hverfey* sýnir myndlistarkonan Þorgerður Ólafsdóttir ný listaverk og aðra muni samhlíða fastasýningu Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum. Á sýningunni veltir Þorgerður upp hugmyndum um hvernig nýr staður verður til í menningarlegum skilningi og gerir tilraun til að kortleggja breytileika Surtseyjar út frá náttúrulegum ferlum og þeim sem við mannfólkid ýtum af stað.

Fyrir sýninguna skoðaði Þorgerður meðal annars rekaefni frá Surtsey og fótspor varðveitt í móbergi í samhengi við framtíðarminjar og táknumyndir mannalda. Athygli gesta er einnig dregin að helsta einkenni Surtseyjar, norðurtanganum, sem gæti verið horfinn eftir 20 ár og samansna af steinasýnum frá fyrrum systra-eyjum Surtseyjar, þeim Syrtlingi og Jólini.

Að nema nytt land, að eigna sér stað

Á sýningunni er fágætt myndskieid af sögulegum viðburði þegar þrír Frakkar stigu fyrstir manna á strönd nýrrar eyjar, settu upp franska fáann og lýstu eyjuna franska nýlendu. Landganga Frakkanna flýtti fyrir ákvörðun örnefnaneftnar um nafngift eyjarinnar og viku seinna var því lýst yfir að nýja eyjan skyldi heita Surtsey. Eyjan hafði þá verið kölluð ýmsum nöfnum, þ.a.m. *Séstey, Nýey, Gosey, Vestrey, Hverfey og Frakkey* eftir nýastaðna ævintýraför gömlu nýlenduherrana. Titill sýningarinnar er því vísun í eina af þessum nafnatillögum og vitnar í þetta millibilsástand á meðan Surtsey var enn að verða til sem skilgreindur staður.

Að marka varanleg spor

Eitt af verkefnum jarðfræðileiðangursins út í Surtsey sumarið 2021 var að skoða fótspor sem talin eru vera frá 1965 og varðveisit hafa í gjósku í hlíðum Austurbunka. Í dag eru þau orðin að varanlegu og augljósu fari í móberginu. Nokkur fótspor fundust til viðbótar í leiðangrinum og þar að meðal mjög greinilegt spor eftir nettan fót sem hefur verið útfært í nákvæma eftirlíkingu fyrir sýninguna.

Heimildirnar um landgöngu Frakkanna og fótsporin sem varðveitt eru í móbergshlíðum Surtseyjar, bera óneitanlega keim af fyrstu tunglögunni og minna okkur á að áhrifa mannsins gætir á einangruðum stöðum sem og í geimnum.

Að ná utan um það sem við skiljum ekki

Í ljósmyndaseríunni *Sögumenn (Storytellers)* er rýnt í sögu framandsteina og sjórekins plasts. Talið er að framandsteinar sem fundist hafa á Surtsey, hafi komið með ísjökum frá Grænlandi, sokkið niður á hafssbotn og síðar komið upp á yfirborði í eldgosinu sem myndaði Surtsey. Í nokkur ár hefur Umhverfisstofnun farið fyrir hreinsun á sjóreku plasti og öðru rekaefni á Surtsey sem skolar á land. Hægt er að bera kennsl á flesta hlutina og áttar sig á því hvert fyrra hlutverk þeirra var. Aðrir hafa ferðast óravegu og umbreyst svo mikið og mótað af sögu sinni að þeir eru óþekkjanlegir í dag.

Þessir ólíku munir, framandsteinar og plast, eiga það sameiginlegt að vera samansna af því umhverfi sem þeir hafa ferðast um þar til þeir enduðu báðir á Surtsey. Í verki sínu nálgast Þorgerður þessa muni af forvitni og spryr – ekki hvað þeir voru, heldur hvað þeir eru í dag og veltir fyrir sér hvaða sögu þeir hafa að segja.

SÉSTEY

PORGERÐUR ÓLAFSDÓTTIR

A site of land-based connectedness

Þorgerður Ólafsdóttir's enduring research-based practice is committed to merging art with the fields of natural science and contemporary archaeology. Her notice of human systems for the world and cultural forms—from field research, to archive information, to exhibition practices—suggests an interrelationship between discovery, environmental care and sensing. In her work, she uses mapping and exploration as a method for making. With an analytical eye Þorgerður's aesthetic borrows from a scientific approach to illustrate processes of change that are ignited by human contact and sentiments, directly linked to the experience of the world as it takes place around us.

In *Séstey / Hverfey* Þorgerður exhibits new works, land-based materials, found objects of drift matter and what might be considered the remains of our contemporary, plastic lives. In an archive-like manner, she disrupts the permanent exhibition at Surtseyjarstofa, where material represents the development and history of Surtsey. Surtsey is an island with very limited and deeply controlled human contact. An ideal case study for the climate crisis and an exemplary location for monitoring and reflecting on the impact of human presence in the landscape, the connectedness of environmental systems and the experience of admiring the unknown from afar; as an observer at an arm's length.

Gestures similar to the way the tephra collection exists, the first particles that formed the island that were taken up from the decks of ships, document the birth of a new place and suggest a microcosm of change. Recent sweep made up of sand, trash, hair, a fly and other human remains, rare footage of the first land-walk on the island, a reconstructed footprint from its tuff slopes, recall the artist's fieldwork conducted as part of the geology tour to Surtsey during summer 2021. New objects and works, like migrating rocks (xenoliths) and drift matter in the photographic series *Storytellers (Sögumenn)*, 2021 are not entirely out of place alongside the encased objects, including a different xenolith from the Surtseyjarstofa collection. Found on Surtsey, the rocks are believed to have travelled from Greenland with the icebergs, sinking to the seabed before being brought back up to the surface during the initial eruption. They are journeyed and storied like their counterparts; sea-driven plastic and other drift material that also washes ashore there regularly. The objects are a network, tell of a process of transformation, and they confront and recontextualize the way we think about a place by getting to know it closely.

In this case, Þorgerður's deep consideration of the qualities of time and the human interaction with material, environment and information instruct her careful and critical perspective on the way that land is founded, represented and understood in a cultural sense. This includes the complications of intervention, extraction, weather, locality, migration and cultural histories. Her works reveal a substantive effort to reconsider substantive efforts to reconsider and present landscape in ways that honour the complex and connected interrelationship of people and environment, through scientific processes and systems that recentre our attention to this reliance.

In our human discovery of land, finding place, making place, sensing place, naming place is of great importance to knowing new territory, and how it becomes what it is to us. The work *Footprint (Fótspor)*, 2021, seen in this exhibition, drives the idea that we are one and connected home: Human footprints imprint the newly surfaced palagonite on the slopes of Austurbunki; one foot follows the other, marking the first contact as human touches down on land; a moment is preserved in geologic time, a place becoming; a time-travelling companion; back in time and into the future.

Becky Forsythe

Sýningin *Séstey / Hverfey* er hluti af stærra verkefni og listrannsókn sem Þorgerður hefur unnið að undanfarið ár í tengslum við Surtsey undir yfirsíkriftinni *Island Fiction* og lýkur með útgáfu nýs bókverks árið 2023. Fyrir verkefnið sitt sótti hún um rannsóknarleyfi til Surtseyjar og fór með jarðfræðileiðangrinum út í eyju sumarið 2021. Hluti verkanna á sýningunni er því innblásin eftir dvöl hennar á eyjunni.

Þorgerður er jafnframt í samstarfi við Umhverfisstofnun að vinna frekar með sjórekið plast og aðrar mannvistarleifar sem hreinsað verður úr eyjunni næstu árin.

Sýningin *Séstey / Hverfey* er unnin í samstarfi við Umhverfisstofnun sem hefur annast fastasýningu um myndun og mótn Surtseyjar frá árinu 2014 í Eldheimum (Suðurvegur / Gerðisbraut 10), Vestmannaeyjum. Hönnuður sýningarinna í Eldheimum og fastasýningarinna um Surtsey er Axel Hallkell Jóhannesson.

The exhibition *Séstey / Hverfey* is part of a larger project and artistic-research titled *Island Fiction* that Þorgerður has worked on during the past year in relation to Surtsey and will conclude with the publication of a new bookwork in 2023. For her project, she applied for research permission to Surtsey and travelled with the geology expedition to the island during summer 2021. Some of the works in the exhibition are inspired by Þorgerður's time and stay on the island.

Þorgerður is in collaboration with The Environmental Agency of Iceland to work further with drift matter and other seaworn debris that will be cleared from the island for the next few years.

The exhibition *Séstey / Hverfey* is produced in collaboration with The Environmental Agency of Iceland, which maintains a permanent exhibition about the formation and development of Surtsey since 2014 in Eldheimar, Vestmannaeyjar. The exhibition design in Eldheimar and permanent exhibition about Surtsey is by Axel Hallkell Jóhannesson.

Þorgerður Ólafsdóttir (f. 1985) býr og starfar í Reykjavík. Í verkum sínum skoðar hún ólíka hluti og fyrirbæri sem eru samofin skilningi okkar og sambandi við náttúruna á tímum mikillar vitundarvakningar. Hún vinnur með hugmyndir um tíma, minjar og birtingarmyndir mannaldar og sameinar viðfangs-efni sin þvert á fræðasvið með aðferðum myndlistar.

Þorgerður útskrifadist með meistaragráðu í myndlist frá Glasgow School of Art árið 2013. Hún var formaður stjórnar Nýlistasafnsins á árunum 2014–2018 og hefur unnið að ýmsum sýningum, sjálfstæðum verkefnum og útgáfum hér heima og erlendis.

Hún er hluti af rannsóknarverkefnið *Relics of Nature, an Archaeology of Natural Heritage in the High North* sem snyr að menningar – og náttúrumuinum á norðurslóðum á tímum loftslagsbreytinga.

Þorgerður Ólafsdóttir (1985) is based in Reykjavík, Iceland. In her practice she considers various objects and phenomena that are connected to our understanding of and relation to nature during times of growing environmental awareness. She works with time, artifacts and different manifestations of the Anthropocene and connects her subjects across fields of studies through art.

She graduated with a Master of Fine Art from the Glasgow School of Art in 2013. Alongside her art practice Þorgerður has contributed to various exhibition projects and publications. From 2014–2018 she was the director of The Living Art Museum (NÝLÓ) in Reykjavík, artist-run museum founded in 1978.

Þorgerður is part of the research project *Relics of Nature, an Archaeology of Natural Heritage in the High North*, which aims to explore understandings and manifestations of natural heritage, with special focus on the High North and in the context of climate change.

PÁTTAKENDUR OG PAKKIR / PARTICIPANTS AND THANKS TO Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Surtseyjarfélagið, Kvíkmyndasafn Íslands, fjölskylda Þorgeirs Þorgeirssonar, Veðurstofa Íslands, FabLab Reykjavík & Eldheimer.

SÉRSTAKAR PAKKIR FÁ / SPECIAL THANKS TO Becky Forsythe, Birgir Vilhelm Óskarsson, Birna Lárusdóttir, Gunnís Ýr Finnborgadóttir, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Magnús Freyr Sigurkarlsson, Jakob Hansen, Kristján Jónasson, Sabine A. Fischer, Teitur Björgvinsson, Una Margrét Árnadóttir, Vigfús Birgisson & Óðra Pétursdóttir.

HÖNNUN / DESIGN ☺ Elín Edda

STYRKTA RADILAR / SUPPORTED BY

Icelandic Artistic Salary Fund

UHMVERFIS STOFNUN

MYNDLISTAR
ÍSLANDS
FUND

Myndlistarsjóður
Icelandic Visual Arts Fund

SURTSEYJARSTOFA, VESTMANNAEYJAR

